Opið lengur

VEGNA gríðarlegrar aðsóknar að sýningu Listasafns Reykjavíkur, Frost Activity, verður opið um helgina í Hafnarhúsinu til kl. 18. Þá hefur verið afráðið að hafa opið til kl. 22 hinn 19. febrúar, á opnunardegi Vetrarhátíðar í Reykjavík.

Í dag, tæpum þremur vikum frá opnun Frost Activity, hafa um ellefu þúsund gestir komið í Hafnarhúsið, sem er einsdæmi í aðsóknarsögu safnsins. Þessi gríðarlega aðsókn hefur haldist í hendur við aukna eftirspurn gesta eftir skipulagðri leiðsögn, aðsókn að fræðsludagskrám og fyrirlestra í tengslum við sýninguna. Listasafn Reykjavíkur hefur brugðist við með þeim hætti að auka til muna framboð og úrval viðburða fyrir alla aldurshópa. Fram að þessu hafa hátt á þriðja þúsund gesta tekið þátt í skipulögðum heimsóknum sem safnið hefur þróað og mótað. Stærstur hluti þessa hóps eru skólahópar, en fjöldi nemenda í skipulagðri leiðsögn hefur verið á annað þúsund. Aðrir sem notið hafa leiðsagna, fyrirlestra og sótt námskeið í tengslum við Frost Activity eru nú um eitt þúsund. Þessi mikla eftirspurn eftir skipulagðri fræðslustarfsemi á sér enga hliðstæðu í starfi Listasafns Reykjavíkur frá upphafi.



Morgunblaðið/Einar Falur

Frá sýningu Ólafs Elíassonar. Gestir virða fyrir sér eitt verkið, sem sýnir ólíkar byggingar í Reykjavík.



Hljómsveit Tónlistarskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

Íslensk verk á nýja sviðinu

HLJÓMSVEIT Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar heldur tónleika á nýja sviði Borgarleikhússins kl. 13.30 á morgun, sunnudag. Tónleikarnir eru liður í Myrkum músíkdögum og 40 ára afmælisdagskrá skólans og verða þar eingöngu flutt íslensk verk, þ.á m. verk sem sum eru samin fyrir Hljómsveit Tónskólans af þessu tilefni. Höfundar sem verk eiga á tónleikunum eru: John Speigt, Erik Mogensen, Örn Guðmundsson, Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson og Örn Grundfjörð.

Ullarvettlingar í fjórða sinn

ULLARVETTLINGAR, myndlistarviðurkenning Myndlistarakademíu Íslands verða afhentir kl. 20.30 í kvöld á Næsta bar við Ingólfsstræti.

Þetta er í fjórða sinn sem viðurkenningin er veitt íslenskum myndlistarmanni. Myndlistarakademía Íslands er félagsskapur nokkurra áhugamanna um myndlist. „Eins og undanfarin ár mun afhendingin einkennast af þjóðlegu látleysi og kindarlegum helgisvip hinnar íslensku landnámsrollu," segir í fréttatilkynningu.

Andvökusöngvar

HLJÓMSVEITARVERKIÐ Seven Songs of the Insomniac eftir Harald Vigni Sveinbjörnsson verður flutt á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Helsingborgar í Svíþjóð á morgun. Haraldur Vignir stundar tónsmíðanám við tónlistarháskólann í Málmey í Svíþjóð, en óvenjulegt er að stórar og vel þekktar atvinnumannahljómsveitir leiki verk eftir lærlinga í tónsmíðum á aðaltónleikum sínum.

„Ég kalla verkið Sjö byltur svefnleysingjans á íslensku, en ég ákvað að hafa enskan titil á því þar sem það er frumflutt úti," segir Haraldur Vignir.

„Þetta eru sjö kaflar, allt frá einni mínútu að lengd og upp í fjórar, og samdir á andvökunóttum eins og nafnið gefur til kynna. Ég sendi verkið í tónsmíðakeppnina Morgondagens Tonsättare, sem haldin er fyrir tónsmíðanemendur hér á Skáni. Þangað bárust ellefu verk og útsetningar fyrir hljómsveit." Það er Sinfóníuhljómsveitin í Helsingborg sem stendur fyrir tónsmíðakeppninni í samvinnu við Tónlistarháskólann í Málmey. „Það var svo hljómsveitin sjálf og aðstandendur hennar sem völdu sigurverkið, sem reyndist vera mitt verk, og verðlaunin eru að fá það leikið á almennum tónleikum, og það eru tónleikarnir á morgun."

Haraldur Vignir segir það stórkostlegt fyrir sig að fá atvinnumannahljómsveit til að leika verkið. „Heima er bara ein atvinnumannahljómsveit, en hér í Svíþjóð eru þær um tuttugu, þannig að þetta er gott tækifæri fyrir mig. Það er ekki algengt að tónsmíðanemar fái verk sín leikin af atvinnuhljómsveitum, en þó hefur það verið að gerast hér síðustu árin með þessari keppni, sem skólarnir á svæðinu og hljómsveitin hafa samvinnu um. Keppnin hefur reynst vel og gefið mörgum tækifæri, og jafnvel rutt brautina fyrir verkin að komast í flutning enn víðar um heiminn. Einn skólafélagi minn hefur til dæmis fyrir sigur í keppninni fengið verk sitt flutt bæði heima á Íslandi og í Bretlandi. Þannig getur þetta opnað gáttir."



Haraldur Vignir Sveinbjörnsson

Haraldur Vignir lýkur magisterprófi í tónsmíðum í vor.

Sönglist í framtíð og fortíð

TÓNLIST

Ýmir

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Geir Johnsson: Talking/Singing (E. E. Cummings). Þorsteinn Hauksson: Psychomachia (A. Prudentius). Hjálmar Ragnarsson: Yerma*. Oliver Kentish: „Innan úr tímanum" (Hannes Pétursson; frumfl.). Atli Heimir Sveinsson: Þrjú sönglög (Keith Waldrop; frumfl.) og Þrjú sönglög (Sigfús Daðason; frumfl.). Signý Sæmundsdóttir og Hrólfur Sæmundsson söngur, Richard Simm og Valgerður Andrésdóttir píanó, Hrafnkell Orri Egilsson selló, Pétur Grétarsson slagverk, Eydís Franzdóttir óbó. *Upplestur: Tinna Gunnlaugsdóttir. Mánudaginn 2. febrúar kl. 20.

Salurinn

EINSÖNGSTÓNLEIKAR

Sönglög eftir Grieg, Wolf, Jórunni Viðar, R. Strauss o.fl. Hanna Dóra Sturludóttir sópran, Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanó. Þriðjudaginn 3. febrúar kl. 20.



Steinunn Birna Ragnarsdóttir og Hanna Dóra Sturludóttir.



Hrólfur Sæmundsson



Signý Sæmundsdóttir

AÐRIR tónleikar Myrkra músíkdaga af tólf í nýhafinni lotu þessa árs voru helgaðir einsöngsverkum, og bar Signý Sæmundsdóttir sópran hitann og þungann í öllu nema í sönglögum Atla Heimis Sveinssonar í lokin, þar sem Hrólfur Sæmundsson barýton sá um meginpart sönghlutverksins.

Fyrst var einsöngsverk án undirleiks eftir Geir nokkurn Johnsson, mér ókunnan höfund og eflaust fleirum tónleikagestum. Upplýsingar um höfunda var aftur á móti hvergi að finna í hátíðarskrá MM umfram tilvísun í tengilinn www.teymi.is/tonis, er reyndist óvirkur. Eftir öðrum netleiðum fékkst þó loks upplýst að höfundur væri norskur, fæddur 1953 (ekki 1958 eins og stóð í MM-skrá), m.a. stofnandi Music Factory-hátíðarinnar í Ósló og að mestu sjálfmenntaður í tónsmíðum. Verk hans, Talking/Singing við ljóð E.E. Cummings, sór sig mest í ætt tilraunasöngverka Berios frá 7. áratug fyrir konu sína, barkaundrið Cathy Berberian, og var bráðskemmtilegt áheyrnar í sprellifandi útfærslu Signýjar, er hljómaði eins og hún gerði ekkert annað.

Þorsteinn Hauksson átti þarnæst verk að nafni Psychomania fyrir söngrödd og selló er mann minnti að hafa heyrt áður, þó að einkagögn bentu til annars. Það var samið 1987 við ljóð eftir rómverska fornskáldið Prudentius, en því miður vantaði textann á textablöðum MM. Þau Signý og Hrafnkell Orri Egilsson fluttu verkið mjög vel. Það bar ákveðinn keim af klassískri fornöld og jafnvel af organum-samstigni snemmmiðalda. Þó að latneskur textinn fjallaði um baráttuna fyrir mannssálinni, virtist margt ekki síður geta fallið að kvikmyndum Fellinis um ástir og orgíur Fornrómverja.

Leikhústónlist Hjálmars H. Ragnarssonar úr Yermu eftir Garcia Lorca var næst, löng og áhrifamikil tónhafning harmleiksins í sannkölluðum Medeu-vókalísum Signýjar og tragískt líðandi undirölduslagverki Péturs Grétarssonar ásamt stakri einmana hjarðblístru („tréflautu"), líklega af vörum Eydísar Franzdóttur. Kynngimögnuð tónlist og snilldarvel með farin. Inn á milli þátta las Tinna Gunnlaugsdóttir leikkona (ónefnd í tónleikaskrá) upp úr einræðum leikritsins af lágstemmdri innlifun.

„Innan úr tímanum" eftir Oliver Kentish fyrir sópran, selló, slagverk og píanó við fimm ljóð eftir Hannes Pétursson, sem hér var frumflutt, sló ekki undiritaðan sem innblásið verk. Alla vega hefur maður áður heyrt bæði skemmtilegri og fjölbreyttari stykki frá hendi Olivers en þetta, sem sérstaklega hvað sönglínu varðaði virtist undarlega málhrynslaust, harðlæst í spennitreyju klissjukennds sýndarmódernisma. Að auki voru öll lögin löturhæg og vantaði sárlega tilbreytingu frá einhæfri „draumaverröld", er frekar en að ná ætluðu astralsvifi dróst með jörðu á blýfótum. Enda var eins og söngkonan skynjaði þessa annmarka; a.m.k. var túlkunin frekar dauf og langt frá stjörnutilþrifunum í Yermu, þó að píanistinn, slagverkarinn og sellóleikarinn ynnu sitt af skyldurækinni natni.

Síðast á skrá voru frumflutt sex sönglög eftir Atla Heimi Sveinsson, fyrst þrjú við ensk ljóð eftir Bandaríkjamanninn Keith Waldrop og síðan þrjú við ljóð Sigfúsar Daðasonar. Í amerísku ljóðunum skyggði tónlistin, er minnti mann ósjálfrátt á lotuskipta tónsetningu á rytmísku skvettumálverki eftir Jackson Pollock, nokkuð á söng Hrólfs og Signýjar, er kom inn í þýzkri frumútgáfu eins ljóðsins eftir Heine sem Waldrop hafði endurort aftur á bak, línu fyrir línu. Í íslenzku ljóðunum heyrðust sönglínur barýtonsins hins vegar ótruflaðar af meðleik, er einskorðaðist við (að vísu alllöng) for-, milli- og eftirspil. Það var kannski líka eins gott, því tónlistin þar var afar ágeng og hvöss.

Söngur Hrólfs var vel útfærður og skýr, framlag Signýjar í smærra hlutverki sömuleiðis, og píanóleikur Valgerðar Andrésdóttur (í Waldrop) og Richards Simms (í Sigfúsi) ásamt ekki síður krefjandi óbóhlutverki Eydísar Franzdóttur voru framreidd af meitlaðri nákvæmni. Þótt tónmálið væri háafstrakt og lagferlið vandmunað, gerði tilfinning höfundar fyrir hæfilegum kontröstum sitt til að halda furðumikilli athygli allt til enda.

Rómantískar söngperlur

Ekki var upp á fábreytni í lagavali að klaga á tónleikum Hönnu Dóru Sturludóttur og Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur á þriðjudagskvöld. Fimm lög eftir Grieg, fjórir Mignonsöngvar Hugos Wolf, fjögur snilldarlög eftir Jórunni Viðar, þrjú íslenzk gullaldarlög eftir Karl O. Runólfsson, Kaldalóns og Sigfús Einarsson, og í slúttið fimm eftir síðrómantíska meistarann Richard Strauss. Flestallt úrvalstónsmíðar, og margt þekkt og vinsælt að verðleikum. Í því ljósi kom kannski svolítið á óvart að ekki skyldi þokkaleg aðsóknin reynast öllu meiri en í álíka stórum sal Ýmis kvöldið áður þar sem nútímaframúrstefnan réð ríkjum. Þó virtust tónleikagestir í báðum tilvikum á svipuðu reki, þ.e. frekar í yngri kanti.

Hin gullfallegu smálög Edvards Grieg, meistara míníatúrunnar, runnu ljúflega niður og vakti fyrst eftirtekt dágóður dönskuframburður söngkonunnar í H.C. Andersen-lögunum To brune Øjne og Jeg elsker dig! Af eftirfylgjandi þremur þýzkum lögum Griegs stóð upp úr hið ástríðufulla Ein Traum. Mignon-lög Hugos Wolf við ljóð Goethes (ógetið í tónleikaskrá Salarins í annað sinn á aðeins þrem mánuðum) einkenndust ýmist af depurð og geðríki. Einkum sló hið síðasta á dramatíska strengi (Kennst du das Land wo die Zitronen blühn?) og jafnvel umfram innistæðu textans. Hins vegar hefði nepjan í So laß mich scheinen boðið upp á mun slétttónaðri raddbeitingu en fram kom. Birtist þar sem víðar aðal-Akillesarhæll Hönnu Dóru í ljóðasöng – að tempra ekki óperuvíbratóið meir við ólíkan andblæ lags og texta en raun bar vitni.

Þó að þeim eiginleika, sem því miður virðist sjaldheyrðari meðal íslenzkra óperusöngvara en tilefni eru til, hefði einnig stundum mátt bregða fyrir í lögum Jórunnar Viðar eftir hlé, tókst söngkonunni þar glettilega vel upp, einkanlega í fyrsta laginu, hinu spriklandi impressjónísku Unglingurinn í skóginum (Laxness) og því síðasta, sígildu epísk-lýrísku gamanperlunni Kall sat undir kletti. Í beztu lögum Jórunnar birtist einstæður hæfileiki til að hugfengja tímalausan einfaldleika þjóðlagaarfsins, og komu þær stöllur honum oftast vel til skila.

Minna kvað að eftirfarandi þrem gullaldarlögum (Í fjarlægð, Ég lít í anda og Draumalandið), er báru öll fullsvipaðan keim. Sama átti að nokkru leyti við um Strauss-lögin í lokin, þó að dramatísk rödd Hönnu virtist þar eiga betur heima, þrátt fyrir sprúðlandi túlkun á Schlechtes Wetter og sigri hrósandi Zueignung. Litbrigðaskalinn var í heild of lítill. Bráðsnjall píanóméðleikur Steinunnar Birnu var aftur á móti sérlega víðfeðmur frá upphafi til enda og allt að því örðulaust vandaður – eins og mátti raunar ekki aðeins heyra, heldur einnig sjá.

Ríkarður Ö. Pálsson